



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSÁN10F05

Kennari	Rakel Ósk Eiríksdóttir, rakel.eiriksdottir@fss.is		
Viðtalstími	Föstudaga, kl.13:20-14:00.		
Námsefni	Efni frá kennara. Nemendur þurfa að mæta með, skriffæri og plastmöppu undir verkefnablöð.		
Áfangalýsing	Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í réttum framburði, lestri, hlustun, tali og ritun. Einföld málfræðiatríði eru kynnt og útskýrð. Áhersla lögð á uppbyggingu orðaforða og viðeigandi málsnið. Umfjöllun um Ísland og íslenska menningu. Efni á netinu kynnt og ýmis konar annað ítarefni, s.s. tónlist og myndefni.		
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi. Nemandi verður að taka öll próf sem liggja til grundvallar.Til að ná áfanganum þarf að ná a.m.k. 4,5 í meðaleinkunn í öllum prófum og verkefnum. Nemanda er skylt að taka öll próf og mæta í lokaviðtal. Ef nemandi mætir ekki í verkefni/próf á tilsettum tíma, getur nemandi unnið það upp í stoðtíma en fær aldrei meira en 5 á því tiltekna verkefni/prófi. Vinna má að hámarki upp 2 verkefni/próf í stoðtíma. Ekki er hægt að skila verkefni/prófi, frá fyrri hlutar annar, eftir miðannarmat.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi	
	Kaflapróf	70 %	
	Kynningar	20 %	
	Lokaviðtal	10 %	
	Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur komi undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn meðferðis. Þá er ætlast til að þeir sækji allar kennslustundir og skili verkefnum á réttum tíma skv. mætingareglum skólans.		

Grunnpættir menntunar	Námið tekur mið af grunnþáttum með megináherslu á læsi, velferð og jafnrétti. Lögð er áhersla á virkt mál- og textalæsi þar sem nemendur tileinka sér undirstöðuatriði í hlustun, lestri, tali og ritun. Kennslan styður við félagslega aðlögun, virka þátttöku í skólasamfélaginu og virðingu fyrir fjölbreyttum bakgrunni nemenda. Í gegnum einföld og skapandi verkefni kynnast nemendur íslensku samfélagi.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Þeim orðaforða sem þarf til að geta lesið, hlustað á, skilið og rætt um einföldustu atriði • Helstu grundvallarþáttum íslensks málkerfis, s.s. framburði, tónfalli og einfaldri setningaskipan • Einföldum samskiptum og tjáningu í mæltu og rituðu máli	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Skilja talað mál um kunnuglegt efni ef talað er hægt og skýrt • Taka þátt í einföldum samræðum og nota viðeigandi málsnið • Kynna sjálfan sig á einfaldan hátt • Rita stutta, einfalda texta um kunnuglegt efn
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt • Geta fylgt einföldum fyrirmælum og skilið kveðjur og kurteisísávör • Taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir og beita málsniði við hæfi • Segja á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu, umhverfi og áhugamálum • Geta ritað stutta, einfalda texta í nútíð • Lesa einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða sem tengjast nemandanum, fjölskyldu, umhverfi og áhugamálum.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur fyrir tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur fyrir próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Alls		92 = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Áfangi kynntur Íslenska fyrir okkur hin 1 (kaflar 1 og 2)	
2. vika 24.-28. ágúst	Íslenska fyrir okkur hin 1 (kaflar 1 og 2)	
3. vika 31. ágúst-4. september	Íslenska fyrir okkur hin 1 (kaflar 1 og 2)	Próf 1
4. vika 7.-11. september	Paraverkefni – nemendur kynna hvern annan.	Kynningar
5. vika 14.-18. september	Íslenska fyrir okkur hin 1 -(kaflar 3 og 4)	
6. vika 21.-25. september	Íslenska fyrir okkur hin 1 -(kaflar 3 og 4)	
7. vika 28. september-2. október	Íslenska fyrir okkur hin 1 -(kaflar 3 og 4)	Próf 2
8. vika 5.-9. október	Íslenska fyrir okkur hin 1 (kaflar 5 og 6)	
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Íslenska fyrir okkur hin 1 (kaflar 5 og 6)	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Íslenska fyrir okkur hin 1 (kaflar 5 og 6)	Próf 3
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Ferðalag um Ísland	Kynningar
12. vika 2.-6. nóvember	Íslenska fyrir okkur hin 1 (kaflar 7 og 8)	
13. vika 9.-13. nóvember	Íslenska fyrir okkur hin 1 (kaflar 7 og 8)	
14. vika 16.-20. nóvember	Íslenska fyrir okkur hin 1 (kaflar 7 og 8)	Próf 4
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Íslenska fyrir okkur hin 1 (kafli 9)	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Lokaviðtöl	Viðtöl

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Rakel Ósk Eiríksdóttir